

Fylgiskjal frá íbúaráði Kjalarness við fjárfestinga- og viðhaldsáætlun.

- 1) Slysahætta er á veginum milli Grundarhverfis og Klébergsskóla, á Vallargrund austan Víkurgrundar. Örstutt er frá vegbrúninni að þverhnípi niður í ræsi og stórgrýttum lækjarfarvegi. Landið hallar að ræsinu og engin hindrun við brúnina. Í hálfu og miklum vindi má lítið út af bera til þess að ekki verði slys. Um veginn er mikil umferð hverfisbúa á öllum aldri, bæði akandi, gangandi og á hjólum. Öryggisins vegna þyrfti þarna að vera vegrið.

Meðfylgjandi eru myndir af aðstæðum við ræsið.



- 2) Einhvern tíman sást í skipulagi göngustígur sem lá ofan fjörunnar neðan Grundarhverfis. Síðan var farið í framkvæmdir við dælu/skólþstöð og í tengslum við þær var lagður vegur neðan hverfisins sem síðan átti að fjarlægja að framkvæmd lokinni. Vegurinn er þó þarna enn þrátt fyrir að framkvæmdum sé lokið. Ýmsar umræður hafa farið fram um þennan veg og virðist eindregin vilji íbúa að vegurinn víki og í staðin komi göngustígur án lýsingar. Íbúaráð hefur átt í samtali við USK og Veitur um þetta mál en ekki náðist að ljúka þeim viðræðum áður en covid-19 kom til sögunnar. Það samtal sem þó hafði átt sér stað benti til þess að bæði USK og Veitur væru tilbúin til að koma til móts við óskir íbúa.
- 3) Verkefnið Græni trefillinn er það verkefni sem Skógræktarfélag Kjalarnes hefur lagt í á svæði félagsins í Esjuhlíðum á skógræktarsvæði því sem Reykjavíkurborg lagði félaginu til og heitir Arnarhamarsskógur. Markmið félagsins er að koma skógrækt af stað frá Blikdal að Mógilsá! Skógræktarfélag Kjalarnes hefur átt viðræður við Skógræktarfélag Reykjavíkur og Skógræktarfélag Íslands um verkefnið og er áhugi á því að félögin sameinist um verkefnið á næstu árum og klæði hlíðar Esjunnar skógi fyrir ofan gömlu þjóðleiðina um Esjuhlíðar.
- 4) Vatnspóstur við battavöllinn við Klébergsskóla. Flokkast líklega undir lýðheilsumál, ekki síst á þeim tímum sem börn og ungmenni sækja í neyslu á orku- og gosdrykkjum. Aðgangur að rennandi vatni hvetur til vatnsneyslu. Þetta myndi líka gleðja nemendur skólans þar sem þau settu inn hugmynd að svona vatnspósti í verkefnið hverfið mitt en þurftu að lúta í lægra haldi fyrir lýðræðinu.
- 5) Hjóla- og göngustígur milli Kjalarnes og Mosfellsbæjar um Kollafjörð. Væntingar standa til þess að samhliða tvöföldun Vesturlandsvegur um Kjalarnes komi hjóla- og göngustígur. Þær framkvæmdir munu eingöngu ná að Kollafirði þar sem fyrirhuguð Sundabraut á að koma. Æskilegt væri að þessi stígur myndi halda áfram inn Kollafjörðinn og tengjast við stígakerfi Mosfellsbæjar. Mikil aukning hefur orðið í umferð hjólandi á Vesturlandsveginum síðustu ár

og því myndi þessi stígur auka öryggi hjólandi til mikilla muna auk þess að gefa Kjalnesingum færi á að taka lengri hjólaferðir án þess að þurfa að hjóla á Vesturlandsveginum, sem líklega allir geta verið sammála um að er afar hættulegt. Þetta myndi líka opna á möguleikann fyrir þá sem vilja njóta útivistar á Esjunni að koma hjólandi að Mógilsá.